



FUNDARGERÐ

Aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Austurlands 2010

haldinn á Djúpavogi miðvikudaginn 6. október 2010 kl. 14:00

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar 2009 lagðir fram
3. Umræða um liði 1 og 2
4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2011
5. Umræður um lið 4
6. Kjörinn löggiltur endurskoðandi
7. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara
8. Gauti Jóhannesson sveitarstjóri Djúpavogs segir frá reynslu sinni af matvælavinnslum í Austurlöndum fjær
9. Önnur mál

Mætt:

Úr Heilbrigðisnefnd: Valdimar O. Hermannsson, Árni Kristinsson, Andrés Skúlason, Benedikt Jóhannsson, Kristín Ágústsdóttir

Aðrir: Gauti Jóhannesson, Bjarni Sveinsson, Haukur Ingi Einarsson, Jóhann Eðvald Benediktsson, Ólafur Hr. Sigurðsson

Starfsmenn: Helga Hreinsdóttir, Leifur Þorkelsson, Hákon Hansson, Borgþór Freysteinnsson

Farið var yfir hverjir færu með umboð sveitarfélaganna skv. tilnefningum til HAUST ýmist með kjörbréfum eða tölvupósti.

Tafla yfir fjölda atkvæða og nöfn fulltrúa sveitarfélaga á aðalfund HAUST 2010:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 2010 (skv. Hagstofu uppfært síðast 16.3.2010)	Fjöldi atkvæða á aðalfundi 2010	Nafn fulltrúa sem fer með atkvæði sveitarfélags:
Vopnafjarðarhreppur	683	3	Engin fulltrúi mættur, engin með umboð
Fljótisdalshreppur	89	1	Umboð: Árni Kristinsson
Fljótisdalhérað	3.468	11	Árni Kristinsson.
Seyðisfjarðarkaupstaður	706	3	Ólafur Hr. Sigurðsson

Borgarfjarðarhreppur	134	1	Bjarni Sveinsson
Fjarðabyggð	4.641	14	Jóhann Eðvald Benediktsson
Breiðdalshreppur	210	2	Engin fulltrúi mættur, engin með umboð
Djúpavogshreppur	443	2	Andrés Skúlason
Hornafjörður	2.086	7	Haukur Ingi Einarsson
Samt.:	12.460	44	

Valdimar O. Hermannsson, formaður heilbrigðisnefndar, setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Fundarstjóri var kosinn Gauti Jóhannesson og ritari Leifur Þorkelsson

Fundarstjórinn kynnti dagskrá og síðan var gengið til fundarstarfa.

1. Skýrsla stjórnar

Valdimar O. Hermannsson, formaður heilbrigðisnefndar, flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan fylgir fundargerðinni.

2. Ársreikningar 2009 lagðir fram

Helga Hr., framkvæmdastjóri, kynnti ársreikningana sem höfðu verið yfirfarnir og áritaðir af skoðunarmönnum, endurskoðaðir af KPMG og afgreiddir til aðalfundar á 93. fundi Heilbrigðisnefndar þann 17.9.2010.

Helstu niðurstöðutölur ársreiknings 2009 eru sem hér segir :

Rekstartekjur:	42.636 þús. kr
Rekstargjöld:	39.956 þús. kr.
Rekstarniðurstaða án fjármunatekna og gjalda	2.539 þús. kr.
Fjármunatekjur	275 þús. kr.
Niðurstaða ársins	2.814 þús. kr.

3. Umræða um liði 1 og 2 skýrslu stjórnar og ársreikninga 2009

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með jákvæða niðurstöðu ársreikninga, ekki síst í ljósi ótryggs efnahagsástands. Í máli framkvæmdastjóra kom fram að markvisst hefði verið unnið að lækkun útgjalda og að náðst hefði hagræðing í flutnings- og tölvukostnaði og að veruleg hagræðing hefði náðst í húsnæðiskostnaði.

Rætt var um eftirlitsverkefni frá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun.

Því næst voru ársreikningar fyrir árið 2009 bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða

4. Fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár 2011

Helga Hr. fylgdi fjárhagsáætluninni úr hlaði.

Drög að fjárhagsáætlun 2011 voru til umfjöllunar á 93. fundi heilbrigðisnefndar þann 17.9.2010. Á þeim fundir voru drögin samþykkt og afgreidd til aðalfundar:

Helstu niðurstöðutölur eru:

Rekstartekjur alls	41.044 þús
Þar af íbúafraglag	10.778 þús
Rekstrargjöld	41.013þús
Mismunur	31 þús

5. Umræður um lið 4 fjárhagsáætlun 2011

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2011er gert ráð fyrir lægri tekjum en gert var ráð fyrir í áætlun fyrir árið 2010. Skýrist þetta einkum af því að ekki er gert ráð fyrir neinum tekjum af tímabundinni starfsemi vegna virkjana og stóriðjuframkvæmda. Þá var tekin sú ákvörðun að gera hvorki ráð fyrir tekjum, né kostnaði af sýnatökum í tengslum við heildarúttektir vatnsveitna í fjárhagsáætlun. Hluti slíkra rannsókna fer fram erlendis og er rannsóknarkostnaður því háður gengi krónunnar. Raunkostnaður vegna sýnatökunnar mun hinsvegar verða innheimtur í kjölfar sýnatöku

Ný heilbrigðisnefnd

Í Stofnsamningi um Byggðasamlag HAUST bs. segir:

Ný heilbrigðisnefnd taki til starfa á aðalfundi HAUST, eftir að fyrri nefnd hefur skilað skýrslu, ársreikningum og fjárhagsáætlun.

Í samræmi við það kvaddi „gamla“ Heilbrigðisnefndin og ný heilbrigðisnefnd tók við.

Nefndin til næstu fjögurra ára er óbreytt frá fyrra tímabili að öðru leyti en því að Ólafur Hr. Sigurðsson frá Seyðisfirði er nú annar aðalmanna á norðursvæði í stað Borghildar Sverrisdóttur frá Vopnafirði, en Seyðisfjörður og Vopnafjörður hafa skipst á um að eiga aðalmann í nefndinni. Nokkur breyting er á skipan varamanna

6. Kjörinn löggiltur endurskoðandi

Borin var upp tillaga um að endurskoðunarfyrtækið KPMG verði aftur kjörið endurskoðandi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Kjörnir tveir skoðunarmenn ársreikninga og jafnmargir til vara

Samþykkt var tillaga um sömu skoðunarmenn reikninga og verið hafa, þ.e. Ásta Halldóra Guðmundsdóttir, fjármálastjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Stefán Bragason, bæjarritari Fljótsdalshéraðs.

Einnig var samþykkt samhljóða tillaga um sömu varamenn og sl. ár, þ.e. Gunnþórunn Ingólfisdóttir, oddviti í Fljótsdalshreppi og Páll Baldursson sveitarstjóri Breiðdalshrepps.

8. Erindi Gauti Jóhannesson.

Gauti Jóhannesson sveitarstjóri Djúpavogshrepps flutti áhugavert og skemmtilegt erindi um reynslu sína af matvælaframleiðslu og matvælaeftirliti í Kína

9. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl. 15.30

Fundargerðina staðfesta:

Gauti Jóhannesson
fundarstjóri

Leifur Þorkelsson
fundarritari